



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 12. apríl 2023:

Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fyrirkomulag gangstéttarviðhalds í borginni, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. mars 2023.

Óskað er eftir stuttri greinargerð um fyrirkomulag gangstéttarviðhalds í borginni. Þar komi m.a. fram upplýsingar hvernig sé fylgst með ástandi gangstétta og gönguleiða frá ári til árs.

- Hvernig er staðið að eftirliti og skráningu með hellum, kantsteinum og hleðslusteinum, sem eru laus eða þurfa viðgerð af öðrum orsökum?
- Er markvisst leitað að skörðum eða holum í gangstéttum og gönguleiðum, þar sem vantar hellur eða hleðslusteina?

### Svar við fyrirspurn

Tvær meginleiðir hafa verið notaðar til að viðhalda gangstéttum í borginni:

- Í gegnum ábendingavef Reykjavíkurborgar kemur fjöldi ábendinga á ári vegna skemmda stétta sem eru teknar eru til skoðunar og metnar af verkefanastjóra framkvæmda og viðhalds. Minni skemmdir eru lagfærðar af starfsmönnum Reykjavíkurborgar en stærri viðgerðir eru settar á verkefnalista viðgerðaverktaka.
- Hin leiðin er ástandsmat gönguleiða sem hefur verið unnið á 10 ára fresti þar sem gönguleiðum er skipt upp í fjóra flokka eftir ástandi útfrá mismunandi yfirborði gönguleiða. Niðurstöður úr ástandsmatinu eru notaðar við gerða áætlana að endurnýjun gönguleiða. Ástandsmatið er uppfært á hverju ári þar sem framkvæmdir hvers árs eru skráðar ásamt breytingum á yfirborði ef einhverjar eru.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri

Umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa framkvæmda og viðhald